

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti A—1	Orka til lýsingar og véla, í verslun, iðnaði og hliðstæðum atvinnugreinum	kr.	2,14 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
A—2	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW)	—	4 866,00 árskW
Taxti B—1	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	—	1,66 kWh
	Lágmarksgjald	—	24,80 á mán.
	Leiga af mælum ekki tekin.		
Taxti C—1	Orka til mannvirkjagerðar	—	2,85 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
C—2	Orka samkv. 15 mín. meðalaflsmælingu	—	0,54 kWh
	+ aflgjald (lágmark 20 kW)	—	2 198,00 árskW
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
	Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málraun véla.		
Taxti D—1	Orka til húshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag án söluskatts	—	0,39 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
D—2	Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1,5 klst. á dag	—	0,54 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
D—3	Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota, roftími allt að 13 klst. á sólarhring	—	0,42 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6 000 kWh.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. reglum, sem gilda um mæla.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrimælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

- Af einfasa mælum 30 amp. og minna kr. 8,20 á mán.
- Af þrífasa mælum 50 amp. og minna — 13,60 á mán.
- Af þrífasa mælum 50—100 amp. — 19,05 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 1,5 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Jarðstrengur Yfirlengd kr/m
63 A 1-fasa	8 250,00	263,00
63 A 3-fasa	9 772,00	263,00
100 A 3-fasa	12 734,00	362,00
125 A 3-fasa	15 922,00	403,00
200 A 3-fasa	24 898,00	547 00
300 A 3-fasa	35 985,00	991,00

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðast skv. kostnaði.

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörk-um. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Pegar lóð er lögð til, er það gert Rafveitunni að kostnaðarlausu og hlýta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Pegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskmjólsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 110,00.

2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 110,00 á skrifstofu Rafveitunnar.

Söluskattur 23,5% auk 19% verðjöfnunargjalds til Rafveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I kafla gjaldskrár þessarar, nema á Taxta D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 438/1982 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 311 24. maí 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1982.

F.h.r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA.

1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar kr. 1,89 á kwh

2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkra-
húsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana kr. 1,51 á kwh

3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar kr. 1,89 á kwh

3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafflsmælingu, lág-
mark 20 kw kr. 0,56 á kwh
Aflgjald með lýsingu kr. 2 328,00 kw/á ári.

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til
frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að
kaupa 20 000 kwst á ári hið minnsta, má selja
orkuna um kwst.-mæli þannig:
Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun kr. 1,89 hverja kwh
Fyrir næstu 80 000 kwst. ársnotkun kr. 1,20 hverja kwh
Fyrir umfr. 100 000 kwst. ársnotkun kr. 1,10 hverja kwh

4. Hitun.

4.1 Orka til húshitunar, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag kr. 0,50 á kwh

4.2 Orka til hitunar í iðnaði, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag kr. 0,71 á kwh

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafv.stjóra.
- Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar.